



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Guðlaug Kristjánsdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Ágæti viðtakandi

15. september 2014

Undanfarin misseri hefur orðið vakning fólks á Íslandi um umhverfismál sem er vel.

Birst hafa fréttir undanfarið að nokkur bæjarfélög hafa óskað eftir við íbúa þess og verslunareigendur að draga verulega úr og jafnvel hætta notkun á plastpokum og vilja að tekið verði upp notkun á fjölnota innkaupapokum. Það er stórkostlegt að vita að forsvarsmenn bæjarfélaga séu svo jákvæðir um umhverfisvernd.

Árið 2007 fékk undirritaður hugmynd í þessa veru og fór að vinna að henni.

Árið 2008 þá var gert hlé á þessu verkefni vegna efnahagshrunsins.

Árið 2011 var verkefnið tekið upp aftur og reynt, en aðstæður í þjóðfélaginu voru ekki nógur góðar þá.

Það var svo í byrjun sumars árið 2013 að farið var að vinna að málínu og hefur sú vinna staðið yfir síðan og er komin á lokastig.

Verkefnið er til aðstoðar þeim einstaklingum sem vegna óhapps eða veikinda þurfa að nota hjólastól en þurfa vegna aðstöðuleysis á sínu heimili að búa annarstaðar. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við forsvarsmenn MND félagsins og SEM samtakana.

Þetta er ekki til að bæta stöðu þess sem slasaðist. Missa vinnuna og verða fyrir miklum tekjumissi og bæta svo svona láni ofan á allt saman.

Þarna komum við inn í myndina með söfnuninni okkar. Markmiðið er að safna 100 milljónum ár hvert sem mun mynda sterkan sjóð þegar fram líða stundir. Skipuð verður sjóðsstjórn. Stjórnin vinnur eftir nákvæmum reglum sjóðsins (sem eru í smíðum núna).

Ekki verður leyfilegt að nota höfuðstól sjóðsins né verðtrygginguna til styrkveitinga, aðeins ávöxtun hans.

Meginlínan við styrkveitingu er að veittur verður sami styrkur til allra styrkþega þ.e. sama upphæð fyrir breytingu á hverri hurð, breytingu á t.d. efri skápum í eldhúsi, breytingu á salernisaðstöðu o.s.fr.

Að sjálfsögðu geta allir þeir sem eru bundnir við hjólastól ævilangt sótt um styrk úr sjóðnum þó svo að þeir séu ekki félagsmenn í MND eða SEM.

Að framansögðu leitum við til bæjarfélaga í landinu um að taka þátt í þessu frábæra verkefni með því að kosta til kaupa á tösku merkt söfnuninni og merki sveitafélagsins sem nemur einni tösku á hvert heimili í sveitafélaginu.

Þetta verkefni mun örugglega verða gífurleg vitundarvakning á meðal Íslendinga og það verður gaman og stolt Íslands og Íslendinga að verða fyrsta landið í heiminum sem losar sig við alla innkaupapoka úr plasti.

Tökum höndum saman og gerum Ísland að grænasta landi í heimi.

Verkefnið er fjórþætt:

1. Stókostleg aðstoð við fólk sem bundið er við hjólastóla
2. Gífuleg fjárhagsleg lyftistöng fyrir starfsemi íþróttafélaga.
3. 100% umhverfisvænt verkefni sem mun vekja alla Íslendinga til umhugsunar um umhverfið sitt og umhverfisvernd.
4. Höfðað er til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og sveitastjórnarmanna um allt land.

Meðfylgjandi er taska merkt söfnuninni og ykkar bæjarfélagi ásamt einum ruslapoka. Þessi ruslapoki er sérhannaður fyrir okkur. Tekið skal fram að sýnishornið er plastpoki en verður að sjálfsögðu úr 100% umhverfisvænu efni þegar fjöldaframleiðslan fer í gang.

Að framansögðu vil ég þakka ykkur fyrir að gefa ykkur tíma til að lesa þetta bréf og vænti þess að eiga samstarf við ykkur í þessu máli og heyra frá ykkur innan örfárra daga.

Með vinsemd og virðingu

*Pétur Sigurgunnarsson*  
Pétur Sigurgunnarsson

Framkvæmdastjóri söfnunarinnar og hugmyndasmiður verkefnisins.

GSM 846 3922

[vidstolum@vidstolum.is](mailto:vidstolum@vidstolum.is)





Verð á prentaðri innkaupatösku báðum megin (sama merki) ásamt rúllu af ruslapokum

Fjöldi	Verð með vsk.
500	848.00
1000	799.00
2500	795.00
5000	788.00
7500	782.00
10000	775.00

Upplýsingar í síma 846 3922 Pétur